

Mál nr. 345/2010

**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum þjófnaðar úr íbúðarhúsi.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 1.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 10.11.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-4.

Málsatvik.

Síðdegis þann 20.5.2010 var lögreglu tilkynnt um að sést hefði til manna á hlaupum með tölvur og tölvuskjái undir höndum og að þeir hafi farið í tiltekna bifreið á A-götu í Hafnarfirði og ekið á brott. Við eftirgrennslan lögreglu fannst umrædd bifreið og þýfi sem hafði verið stolið úr einbýlishúsi að B-götu 8 í Hafnarfirði, en M mun vera eigandi hússins og eigandi hinna stolnu muna. Er lögregla kom að B-götu 8 voru útidyr hálfopnar. Við nánari athugun kom í ljós að opnanlegur svefnherbergisgluggi á jarðhæð sem snéri út í baklód hússins var opin og stormjárn gluggans var laust frá gluggakarminum. Ekki voru nein ummerki utan á glugganum um að hann hafi verið spenntur upp. Sterkar líkur voru taldar fyrir því að farið hafi verið inn um gluggann og hafði M orð á því að líklega hafi verið farið þarna inn þar sem glugginn væri oft opin.

M kveður tjón það sem hann varð fyrir af völdum atviksins mega rekja til innbrots í húsið og hefur krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu þar sem vátryggingin taki ekki til tjónsins.

Álit.

Í 8. gr. vátryggingarskilmála fyrir innbústryggingu þá sem M hafði hjá X er yfirlitsmynd þar sem talin eru upp þau tjónsatvik sem vátryggingin tekur til. Meðal tjónsatvikanna er innbrotsþjófnaður, þar á meðal þjófnaður við innbrot í læsta íbúð. Einnig er tekið fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Eins og ummerki voru við gluggann, sem að öllum líkindum var farið inn um, var ekkert sem bent til þess að þeir sem þarna voru að verki hafi þurft að brjóta sér leið inn í húsið, heldur einungis að skrúfa laust stormjárn í opnum glugganum. Með því að ótvíræð merki um innbrot voru ekki fyrir hendi telst ósannað að skilyrðum fyrir bótaskyldu úr innbústryggingunni hafi verið fullnægt. Tjón M fæst því ekki bætt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.